



Skútustaðahreppur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 19. desember 2019
Tilv.: SRN19120033/4.10.1

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps sbr. erindi yðar dags. 10. desember 2019. Samþykktin hefur verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Þá er vakin athygli á að reikningur vegna birtingar samþykktarinnar í B-deild Stjórnartíðinda verður sendur sveitarfélaginu frá Fjársýslu ríkisins þar sem milligöngu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um greiðslu reikninga vegna birtinga hefur verið hætt.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Gejr Einarsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt



SAMÞYKKT
um breytingu á samþykkt um
stjórn sveitarfélagsins Skútstaðahrepps nr. 690/2013.

1. gr.

- B, C og D liðir 39. gr. samþykktarinnar breytast og verða svohljóðandi:
- B. Fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í sameiginlegar fastanefndir og sameiginlegir fulltrúar með öðrum sveitarfélögum í fastanefndum, kjörnir eftir samkomulag um tilnefningu.**
Kjör á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Brunavarnanefnd með Þingeyjarsveit.* Einn aðalmaður og einn til vara.
2. *Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
3. *Stjórn Hvamms, dvalarheimilis aldraðra.* Einn aðalmaður og einn til vara.
4. *Meningarmiðstöð Þingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
5. *Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
6. *Náttúruverndarnefnd Þingeyinga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
7. *Náttúrustofa Norðausturlands.* Einn aðalmaður og einn til vara.
8. *Barnaverndarnefnd Þingeyinga.* Einn fulltrúi.
9. *Öldungaráð.* Einn fulltrúi.
- C. Kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.**
1. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og einn til vara.
- D. Tilnefningar. Kjörnir þegar skipunartími er útrunninn og/eða ósk um tilnefningu berst.**
1. *Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs.* Einn aðalmaður.

Sveitarstjórn fer með verkefni annarra lögbundinna nefnda en framangreindra.

Kjörtímabil fulltrúa Skútustaðahrepps í fastanefndum, er hið sama og sveitarstjórnarinnar, nema annað sé ákveðið í lögum eða samþykktum. Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað, en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 19. desember 2019.

F. h. r.


Guðni Geir Einarsson


Stefánía Traustadóttir